



Minnisblað – 2003004

Til: Sveitarstjórnar

Frá: Sveitarstjóra

Efni: *Starf vinnuhóps vegna sameiningar sveitarfélaga*

Dags.: 13.01.2021

Vinnuhóp skipa Eyjólfur Ingvi Bjarnason oddviti, Skúli Guðbjörnsson formaður byggðarráðs og Kristján Sturluson sveitarstjóri. Með hópnum starfar Jóhanna María Sigmundsdóttir verkefnastjóri.

Vísað er til minnisblaðs dags. 11.11.2020 sem lagt var fram á 198.fundi sveitarstjórnar 12.11.2020 (dagskrárliður 40).

- Vinnustofa II var haldin 26. október kl.16:00 þar sem framkvæmd var SVÓT greining. Voru niðurstöður hópa í vinnustofunni sendar á RR ráðgjöf í framhaldinu sem tók þær saman.
- 17. nóvember var haldinn fundur í vinnuhópi með RR ráðgjöf þar sem farið var yfir stöðugreiningu sameiningarvalkosta, tímaáætlun valkostagreiningarinnar og stöðu hennar. Þar var stöðumat rætt og farið yfir niðurstöður SVÓT greiningar frá vinnustofu II.
- 15. desember var haldinn fundur í vinnuhópi með RR ráðgjöf þar sem farið var yfir stöðuna og möguleg tímasetning fyrir íbúakynningu rædd. Á þessum tíma var gagnaöflun að mestu lokið. Einnig var rædd nýsamþykkt fjárhagsáætlun Dalabyggðar og áhrif hennar á greininguna.
- 12. janúar var haldinn fundur í vinnuhópi með RR ráðgjöf þar sem farið var yfir stöðugreininguna og undirbúningur íbúafundar ræddur. Einnig var farið yfir fjárhagstölur vegna mögulegra sameiningakosta.
- Næsti fundur vinnuhóps með RR ráðgjöf er áætlaður 25. janúar þar sem farið verður yfir efnið sem notað verður í kynningu fyrir íbúa.

Næstu skref:

- Íbúafundur haldinn þar sem sjónarmiða íbúa verður leitað. Ráðgjafar munu leiða kynninguna og varpa fram spurningum sem íbúar ræða sín á milli. Leitast verður við að fá fram hvaða atriði skipta íbúa mestu máli, ef til sameiningarviðræðna kemur. Íbúafundur er áætlaður 28. janúar.
- Vinnustofa III með sveitarstjórn þar sem niðurstöður vinnunnar verða dregnar saman og greindar.
- Skilafundur þar sem minnisblað með valkostagreiningu verður lagt fram fyrir sveitarstjórn.
- Miða þarf tímaáætlun við veðurfar og heimsfaraldur en þegar þetta er skrifað er áætlað að valkostagreiningu verði lokið fyrir páska/apríl 2021.

Staðan hjá RR ráðgjöf 13.01.2021:

Gagnaöflun er lokið og nú er verið að vinna að sviðsmyndum fyrir mögulega sameiningarkosti. Þá er verið að skipuleggja íbúakynningu sem er áætluð 28. janúar og verður hún væntanlega blanda af stað- og fjarfundi.